



Kynjuð hagstjórn í kreppu

Lilja Mósesdóttir

Erindi á málþingi Neyðarstjórnar kvenna,

7. nóv. 2008

Kynjuð hagstjórn í kreppu

- ⌘ Markmið hagstjórnar er að auka ***efnahagslega velferð***
 - ☑ Full atvinna
 - ☑ Hagvöxtur
 - ☑ Stöðugleiki
- ⌘ Kreppa verður þegar eftirspurn í hagkerfinu dregst verulega saman. Fyrirtækin mæta minnkandi eftirspurn með uppsögnum sem eykur enn á samdráttinn.
- ⌘ Kynjuð hagstjórn - stjórn efnahagsmála tekur mið af lakari stöðu kvenna á vinnumarkaði og ólaunaðari vinnu kvenna á heimilunum.
- ⌘ Kynjuðu hagstjórn felur í sér aðferðafræði til að meta áhrif aðgerða á konur og karla (Gender Impact Assessment)

1. Hver er staðan ?

- ⌘ Atvinnuþátttaka kvenna árið 2008 í öllum aldurshópum mikil.
- ⌘ Flestir karlar (39%) á vinnumarkaði með verklega framhalds-skólamenntun eða grunnskólamenntun (27%). Flestar konur (35%) með grunnskólamenntun eða bóklega háskólamenntun (28%).
- ⌘ Kynskipting vinnumarkaðarins:
 - ☑ Um 50% kvenna vinna í opinbera geiranum en ekki nema um 20% karla.
 - ☑ Konur um 8% stjórnarmeðlima í 100 stærstu fyrirtækjum landsins árið 2007 og 14% æstu stjórnenda.
- ⌘ Launamunur kynjanna (heildarlaun) um 27%. Kynbundinn launamunur um 16%.
- ⌘ Samfélagsgildi: Fyrirvinnuhlutverk karla enn mikilvægt. Menntun og vinna kvenna minna virði.

2. Hvað mun gerast?



- Rannsóknir á afleiðingum fjármálakreppu sýna:
 - 1. Gjaldþrot og brunaútsölur - eignatilfærsla til þeirra sem eiga reiðufé
 - Fátækt eykst meira meðal kvenna en karla, sérstaklega meðal einstæðra mæðra
 - 2. vaxandi tekjuójöfnuður vegna aukins atvinnuleysis
 - Konur missa í meira mæli vinnuna
 - Konur eru lengur án atvinnu
 - Konur þurfa frekar að minnka við sig vinnuhlutfall
 - Konur neyðast í meira mæli til að vinna svart til að bæta upp tekjutap fjölskyldunnar.

3. Mögulegar aðgerðir

⌘ Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

- ☒ Hækka vexti
- ☒ Auka tekjur/skera niður útgjöld ríkisins eftir 2010 til greiða niður skuldir
- ☒ Lágmarksafskipti af gengi gjaldmiðils sem er í frjálsum falli

⌘ Bandaríkin og Evrópuþjóðir

- ☒ Lækka vexti
- ☒ Auka útgjöld ríkisins til styðja við fjármálamarkaðinn og heimilin

⌘ Aðrar tillögur hagfræðinga

- ☒ Aukið eftirlit með fyrirtækjum og bönkum
- ☒ Skattleggja útstreymi fjármagns til að draga úr gengisfallinu
- ☒ Leyfa gjaldþrota fyrirtækjum að starfa áfram
- ☒ Gera gjaldþrota heimilum kleift að vinna sig úr úr skuldum
- ☒ Styrkja markvisst vinnuafli – og mannauðsfreka útflutningsstarfsemi
- ☒ Dreifa eignarhaldi fyrirtækja og banka til að tryggja langatíma stöðugleika

Dreift eignarhald

- ⌘ Hagkerfi, þar sem eignarhald á bönkum og fyrirtækjum er þröngt er mun hættara við bankakreppum.
- ⌘ Lán til starfsfólks til að yfirtaka rekstur reynst vera meira atvinnuskapandi en að láta einn aðila kaupa upp fyrirtækið og sameina öðrum.
- ⌘ Markmið (ríkis)banka og fyrirtækja ekki aðeins að ná fram sem mestum gróða og kaupauka fyrir stjórnenda heldur að stuðla að uppbyggingu samfélagsins og veita góða og ódýra þjónustu
 - ☑ Stjórnir banka og fyrirtækja þurfa að samanstanda af breiðum hópi fólks - fulltrúar starfsfólks og fulltrúar almennings í stjórn
- ⌘ Dreift eignarhald tryggir betur að konur jafnt sem karlar hafi áhrif á það hvernig auðlindir þjóðarinnar eru nýttar og hvernig fyrirtækjunum er stjórnað.

4. Meta bein og óbein áhrif

- ⌘ Fjármálakreppa bitnar harðar á konum og því er mikilvægt að þær komi að allri ákvarðanatöku um aðgerðir
 - ☒ Lögleiða þarf kynjakvóta til að tryggja að nýtt fólk komi að enduruppbyggingunni
- ⌘ Meta þarf bein og óbein áhrif aðgerða á karla og konur
 - ☒ Atvinnuleysi
 - ☒ Fátækt
 - ☒ Eignir
 - ☒ Tekjudreifingin
 - ☒ Vinna kvenna fyrir utan vinnumarkaðinn
 - ☒ Kynbundinn launamunur
 - ☒ Hlutfall kvenna í stjórnnum og ábyrgðarstöðum



**ÞEGAR EKKERT ER Á HREINU,
ÞÁ ER ALLT MÖGULEGT -**

JAFNVEL KYNJAJAFNRÉTTI!